



Aukaársfundur

Haldinn 4. október  
2018

# Dagskrá fundarins

---



1. Breytingar á samþykktum
2. Stjórnarkjöri lýst
3. Önnur mál

# 1. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM

EINAR INGIMUNDARSON  
LÖGFRÆÐINGUR

# Breytingar á samþykktum

---



## 4. gr. a – Bæjarstjórn hafi val um það hvort bæjarstjóri eða fjármálastjóri sitji í stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins skipa bæjarstjóri sem er formaður sjóðsstjórnar tveir bæjarfulltrúar sem bæjarstjórn kýs á sama hátt og fastar nefndir til fjögurra ára og tveir sjóðsfélagar tilnefndir til fjögurra ára af Kili, Stéttarfélagi starfsmanna í almannabjónustu. Fjórir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og til jafnlangs tíma.

Stjórnarformaður sjóðsins skal tilnefndur af bæjarstjórn og skal annað hvort vera bæjarstjóri eða sviðsstjóri fjársýslusviðs **Akureyrarbæjar**. Aðrir stjórnarmenn eru tveir bæjarfulltrúar sem bæjarstjórn kýs á sama hátt og fastar nefndir til fjögurra ára og tveir sjóðsfélagar tilnefndir til fjögurra ára af Kili, Stéttarfélagi starfsmanna í almannabjónustu. Fjórir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og til jafnlangs tíma.



# Breytingar á samþykktum

---



## 12. gr. a – Heimild til hálfis lífeyris í A deild

Hver sjóðsfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins hefur rétt á lífeyri frá næstu mánaðarmótum eftir að hann verður 70 ára enda er honum þá lögum samkvæmt skylt að láta af störfum. Þó á sjóðfélagi rétt á lífeyri næstu mánaðarmót eftir að hann verður 65 ára enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

Hver sjóðsfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins hefur rétt á lífeyri frá næstu mánaðarmótum eftir að hann verður 70 ára enda er honum þá lögum samkvæmt skylt að láta af störfum. Þó á sjóðfélagi rétt á lífeyri næstu mánaðarmót eftir að hann verður 65 ára enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum. **Einnig getur sjóðfélagi ákveðið að hefja töku hálfis lífeyris hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð að því skilyrði uppfylltu að hann sé ekki í meira en hálfu starfi sem veitt hefur aðild að sjóðnum og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna endanlega.**

# Breytingar á samþykktum

---



## 12. gr. l og m

- ▶ L - liðurinn er í samræmi við þá reglu sem unnið hefur verið eftir og er í samræmi við samþykktir annarra sambærilegra sjóða
- ▶ M - liðurinn tímabundin heimild fyrir þá sem eru byrjaðir á fullum lífeyri til að nýta sér hálfan lífeyri kjósi þeir það.

l) Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af því að hann lætur af starfi, sem veitti honum aðild að sjóðnum skal upphæð ellilífeyris ákveðin þannig að miða skal við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til sjóðsins með breytingum í samræmi við meðalbreytingar, sem urðu á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst sbr. gr. 18.a. Hafi hann látið af störfum fyrir 30. júní 2000 skal þó miða við þau laun, sem því starfi fylgdu 30. júní 2000, en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.

m) Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020 farið á hálfan lífeyri.

# Breytingar á samþykktum

---



## 15. gr. b

Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hækkunin verður hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok.

Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok **eða við töku hálfis lífeyris sbr. 3. másl. 12. gr. a**, en hækkunin verður hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok **eða þegar taka á hálfum lífeyri hófst**

# Breytingar á samþykktum

---



## 27. gr. b – Heimild til frestunar til 80 ára aldurs til samræmis við lög um almannatryggingar

b) Heimilt er sjóðfélaga að hefja töku lífeyris áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri, skal þá upphæð ellilífeyris lækka frá því sem segir í a) lið þessarar greinar um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 67 ára aldur er taka hans hefst. Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris frá því sem segir í a) lið þessarar greinar um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.

b) Heimilt er sjóðfélaga að hefja töku lífeyris áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri, skal þá upphæð ellilífeyris lækka frá því sem segir í a) lið þessarar greinar um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 67 ára aldur er taka hans hefst. Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris til **80** ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris frá því sem segir í a) lið þessarar greinar um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.



# Breytingar á samþykktum

---



## 27. gr. c – Heimild til töku hálfis lífeyris í B deild

c) Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 70 ára aldri.

c) Sjóðfélagi í B-deild getur einnig ákveðið að hefja töku hálfis ellilífeyris hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð og telst þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna. Upphæð hálfis lífeyris nemur helmingi af þeirri fjárhæð sem sjóðfélaga hefði verið úrskurðuð samkvæmt b-lið hér að framan hefði hann farið á fullan ellilífeyri, að teknu tilliti til lækkunar/hækkunar vegna aldurs. Fjárhæð ellilífeyris á grundvelli þess helmings ellilífeyrisréttinda sem geymdur er við ákvörðun hálfis lífeyris fer samkvæmt a. og b. liðum hér að framan að teknu tilliti til þess að helmingi réttinda var endanlega ráðstafað við töku hálfis lífeyris.

# Breytingar á samþykktum

---



## 27. gr. d og e –

- ▶ D - liður var áður c – liður
- ▶ E - liður er tímabundin heimild fyrir þá sem eru byrjaðir á fullum lífeyri til að nýta sér hálfan lífeyri kjósi þeir það (sama og nýi m-liðurinn í 12. gr.)
- d) Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 70 ára aldri.
- e) Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020 farið á hálfan lífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur sjóðsins meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki.

# Breytingar á samþykktum

---



Að lokum eru 9. gr. d., 13. gr. c. og 25. gr. aðlagaðar að lágmarks mótframlagi sem er 8% (er nú 6% skv. samþykktum).

## 2. STJÓRNARKJÖRI LÝST



## Aðalmenn:

Dan Brynjarsson, sviðsstjóri fjármálasviðs Akureyrarbæjar.

Gunnar Gíslason, Akureyrarbær

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Akureyrarbær

Arna Jakobína Björnsdóttir, Kjölur

Hanna Rósa Sveinsdóttir, Kjölur

## Varamenn:

Eva Hrund Einarsdóttir, Akureyrarbær

Halla Björk Reynisdóttir, Akureyrarbær

Árni Egilsson, Kjölur

Kristinn Bjarnason, Kjölur



### 3. ÖNNUR MÁL

